

**Félags – og skólaþjónusta**  
**RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU**  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

---

**FUNDARGERÐ**

78. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) 2024 var haldinn kl. 09:30 mánudaginn 22. janúar 2024 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varaformaður, Kristín Hreinsdóttir ritari, Einar Kristján Jónsson, Sigríður Karólína Viðarsdóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri.

Gestir fundarins voru Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Sviðstjóri fjölskyldusviðs Árborgar og Bylgja Dögg Kristjánsdóttir forstöðumaður Vinnaminnis

Kristín Hreinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. *Kynning á Vinaminni*

Heiða Ösp Kristjánsdóttir og Bylgja Dögg Kristjánsdóttir kynntu starfssemi Vinnaminnis, en það er dagdvöl á Selfossi fyrir einstaklinga með heilabilun, sem rekin hefur verið frá árinu 2009. Plássin eru 15 alls. Sjúkratryggingar greiða daggjöld með hverjum einstaklingi, en einnig eru innheimt daggjöld af einstaklingnum sem dagdvölin þjónar. Bylgju og Heiðu er þakkað fyrir góða og ítarlega kynningu.

2. *Önnur mál*

- Framkvæmdastjóri skýrði frá því að Annette Mønster ráðgjafi í velferðarþjónustu, sem starfað hefur hjá félagsþjónustunni síðustu 10 ár, er að láta af störfum. Stjórn þakkar Annette fyrir vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar í því sem tekur við.
- Náms- og starfsráðgjafi hefur verið ráðinn hjá Félags- og skólaþjónustunni. Mun hann hefja störf 1. febrúar n.k.

Næsti fundur verður haldinn 26. febrúar 2024 kl. 09:00.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:20.